

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Laugarnestangi.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa menningar- og búsetulandslag Laugarnestanga í Reykjavík (L176047, L176048, L176049, L176050, L216765 og L218177).

Friðlýsingin nær til búsetu- og menningarlandslags Laugarnestanga, þ.e. ásýndar staðarins og búsetumynsturs, búsetuminja, bæjarhóls, kirkjugarðs, beðasléttna, vara, annarra fornleifa og herminja og er gerð á grundvelli 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Friðlýsingin sameinar sem minjaheild menningarlandslag, sem varðveitir í senn fornleifar sem friðlýstar voru árin 1930 og 1987, þ.e. hinn gamla kirkjugarð (181165-230-7) og hið gamla bæjarstæði Laugarness við Sund (181165-230-84), og aðrar aldursfriðaðar fornleifar í umhverfi sínu innan hins afmarkaða svæðis.

Ef áður óþekktar minjar finnast innan hins friðlýsta svæðis falla þær undir skilmála friðlýsingar þessarar.

Undanskilin friðlýsingu þessari eru mannvirki Veitna sem þegar eru til staðar á svæðinu. Einnig eru undanskilin friðlýsingunni mannvirki sem þegar eru reist og sem heimildir eru fyrir samkvæmt gildandi skipulagi til að reisa á lóðunum Laugarnestangi 60, 62, 65 og 70 ásamt því lausafé sem er á eða við umræddar lóðir. Veitum ohf. er heimilt að sinna neyðarviðgerðum, sem ekki þola neina bið, án þess að fá leyfi Minjastofnunar Íslands. Reyna skal þó eftir fremsta megni að halda jarðraski í lágmarki og hafa samband við Minjastofnun Íslands svo fljótt sem auðið er. Almennt viðhald og endurbætur skulu gerðar í samráði við Minjastofnun Íslands.

Í aðalskipulagi Reykjavíkurborgar er Laugarnestangi skilgreindur sem opið svæði og nýtur tanginn hverfisverndar að hluta til. Friðlýsingin hefur ekki áhrif á hverfisvernd. Fjaran á Laugarnestanga er á C-hluta náttúruminjasráðs og fellur þannig undir lög um náttúruvernd nr. 60/2013.

Í gildi er deiliskipulag fyrir Laugarnestanga dags. 12. september 2000. Friðlýsingartillagan hefur ekki áhrif á byggingarheimildir í deiliskipulagsáætluninni.

Friðlýsingin hefur ekki áhrif á umsjón og umhirðu svæðisins sem áfram verður á vegum Reykjavíkurborgar.

Svæðið er um 11,6 ha að stærð og markast af strandlengju Laugarnestanga til vesturs og norðurs, Klettagörðum til austurs og Sæbraut til suðurs. Mörk norðausturhorns og suðvesturhorns svæðisins eru hnitsett á korti í viðauka. Hið friðlýsta svæði er undanskilið ákvæðum 22. gr. laga nr. 80/2012 um 100 metra friðhelgað svæði út frá mörkum friðlýstra minja, og jafnframt fellur úr gildi núgildandi 100 metra friðhelgun bæjarhóls Laugarness og hins gamla kirkjugarðs.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 22. janúar 2026.

Jóhann Páll Jóhannsson.

Stefán Guðmundsson.

Viðauki.



B-deild – Útgáfudagur: 10. febrúar 2026